

Minnisblað

Samantekt umræðu á vorkundi SFA, forstöðumanna almenningsbókasafna, sem haldinn var í Grundarfirði, 16. maí 2014.

Frá Björgu Ágústsdóttur, Alta.

Sent Heiðrúnu Dóru Eyvindardóttur, formanni stjórnar SFA, 30. september 2014.

Inngangur

Stjórn SFA leitaði til Alta um aðstoð við umræðu á vorkundi félagsins þann 16. maí 2014.

Í umræðunni vildi SFA líta til framtíðar, skoða hvaða breytingar og áskoranir eru í umhverfi bókasafna, hvaða tækifæri búa í breytingum og hvernig ætti að nýta þau.

Alta aðstoðaði við að greina þarfir SFA og undirbúa umræðu fundarins. Það var m.a. gert með spurningakönnun sem nýtt var sem bakgrunnsplegg fyrir fundinn. Einnig aðstoðaði Alta við ákvörðun um efnistöð og aðferðir, við undirbúning og stjórnun umræðu á fundinum, auk þess að vinna þessa samantekt um það helsta sem fram kom á fundinum.

Spurningakönnunin

Í aðdraganda fundarins var spurningakönnun lögð fyrir forstöðumenn í 23 almenningsbókasöfnum. Þar voru til skoðunar „áhyggjur, breytingar, áskoranir og tækifæri almenningsbókasafna næstu 30 ár“. Könnunin gaf upplýsingar sem nýttar voru sem grunnur fyrir nálgun og umfjöllunarefni vorkundarins. Svör bárust frá forstöðumönnum bókasafna í 4 fámönnum samfélögum í dreifbýli, 5 bókasafna í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu og 13 bókasafna í þéttbýli úti á landi. Sjá nánar samantekt sem birt er hér sem viðauki.

Efni og umræða fundarins, fyrirkomulag umræðu

Í upphafi fundarins var gerð grein fyrir því helsta sem fram kom í könnuninni. Fyrir fundinn hafði samantektin verið send félagsmönnum sem höfðu því haft nokkurn tíma til að melta niðurstöðurnar. Ekki komu fram athugasemdir við samantektina.

Tvær spurningar voru því næst ræddar:

A) Hvert verður hlutverk almenningsbókasafna árið 2030 (eftir 16 ár)?

Fylgt var eftir með skýringunni:

Hvað upplifa gestir sem þangað koma eða þeir sem nýta sér „söfnin“ á annan hátt?

B) Hvernig eigum við (starfsfólk bókasafna) að bregðast við breytingum og grípa tækifærin?

Fylgt var eftir með skýringunni:

Hvað gerum við - hvernig berum við okkur að?

Í umræðunni var notast við aðferð sem nefnd er World Café og var fundarmönnum skipt í nokkra hópa, 4-5 einstaklingar í hópi. Hver hópur ræddi báðar spurningarnar og víxluðu líka þátttakendum, inná milli í umræðunni. Að lokinni umræðu gerðu allir hóparnir grein fyrir sínum niðurstöðum.

Verður nú gerð grein fyrir efni umræðunnar og dregin fram helstu skilaboðin.

Það athugist að þetta er gróf samantekt og háð ákvörðun stjórnar SFA hvort leggja eigi meiri vinnu í að fínþússa orðalag eða framsetningu.



A. Hlutverk almenningsbókasafna árið 2030 (eftir 16 ár)

Árið 2030 er almenningsbókasafnið mannlífs- og menningarmiðstöð. Þar er aðgangur að upplýsingum og fólki, en jafnframt er þar griðastaður einstaklingsins.

Árið 2030 er bókasafnið **ein mikilvægasta stofnun hvers sveitarfélags.**

Bókasöfn **byggja á og varðveita lýðræðishugmyndina** á eftirfarandi hátt:

- Bókasafnið leitast við að jafna tækifæri fólks í samfélaginu; skapa aðgang sem flestra að upplýsingum og þekkingu.
- Bókasafnið hefur mikilvægu (forystu)hlutverki að gegna við að efla læsi og hvetja til lestrar - sem er undirstaða þekkingaröflunar - í víðum skilningi.
- Það er tengiliður notenda við nær- og fjärsamfélagið, miðstöð menningar og mannlífs.
- Þar er sköpun, miðlun og fræðsla í forgrunni - auk þess sem bókasöfnin eru virkur þátttakandi við framkvæmd sí- og endurmenntunar

Bókasafnið er hlutlaus, aðgengilegur staður, án áreitis; þar er ekki verið að selja neitt og þangað er fólk velkomið, hver einstaklingur á sínum forsendum.

Þrátt fyrir mikilvægt hlutverk bókasafnsins sem miðstöðvar sem getur sett einstaklinga í samband við aðra og umhverfi sitt, þá er einnig næði til að vera einn á bókasafninu, njóta slökunar eða vinna að hugðarefnum.

Bókasafn er „upplifunarstaður“ sem á að vekja eftirvæntingu og forvitni - með áherslu á fólk frekar en safnkost.

Þetta þjónustuhlutverk sitt rækir bókasafnið með hentugri og aðlaðandi aðstöðu, skilvirkri og framsækinni þjónustu, með því að hafa á að skipa fjölmarga starfsfólki og með því að eiga samstarf við fjölmarga aðila.

B. Hvernig vill starfsfólk almenningsbókasafna bregðast við breytingum og grípa tækifærin?

Starfsfólk almenningsbókasafna vill hafa frumkvæði að því að gera almenningsbókasöfnin að slíkum þjónustustofnunum. Það vill bregðast við breytingum í samfélaginu og grípa þau tækifæri sem breytingarnar skapa, m.a. með eftirfarandi hætti: (orðalag tekið nánast beint úr umræðunni)

Með framúrskarandi þjónustu og hagnýtingu tækni

- fylgjast með tækninni og vera í fararbroddi við að finna og nýta hentugar leiðir við að miðla efni, tengja fólk og upplýsingar og sinna að öðru leyti hlutverki almenningsbókasafnanna
- notendur geti nýtt sér tækniástoð starfsmanna og/eða þeirra sem söfn fá til að miðla slíkri þekkingu
- laga söfn að þeirri staðreynd að það getur verið „safn í hverjum vasa“ (í gegnum snjallsíma og önnur tæki sem miðla gegnum netið)
- opin bókasöfn (*Open library*) þar sem er opið 24/7, tæknibúnaður og aðgangsstýring jafnvel í stað starfsfólks
- einnig (sameiginleg) sólarhringsþjónusta bókasafna á netinu (svar- og upplýsingaþjónusta) - geta verið góð lausn fyrir minni sveitarfélög og hverfamíðstöðvar
- útlán og skil að mestu sjálfvirk



- fjölbreyttir viðburðir verði algengir á bókasöfnum, bókasöfn stýri sjálf og/eða sækist eftir viðburðum/námskeiðum/kynningum/sýningum sem aðrir standa fyrir og falla að hlutverki bókasafnanna - „viðburðastjóri“
- FABLAB samtengt við bókasöfn
- kaffihús/veitingar tengt við eða í boði á bókasöfnum
- fylgjast með því sem notendur vilja; laga sig að þróun sem verður í samfélaginu; söfn verði því ólík eftir staðsetningu og þeim gestum sem það sækja - í takt við tímann og tæknina; „bæði göngustígur og hraðbraut“

Með samstarfi

- með samstarfi við fjölmarga aðra aðila; einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir, t.d. menningarstofnanir og skóla
- eiga sjálf frumkvæði að samstarfi og hvetja samfélagið til samstarfs; fá ólíkt fólk/aðila inn, bjóða fólk/hópum að vera með viðburði
- samstarf safna á Netinu („spurðu upplýsingafræðinginn“)

Með hentugri og aðlaðandi aðstöðu

- hafa húsnæði sem hentar starfsemi á hverjum stað
- hlýlegt og notalegt umhverfi
- hugarfarsbreyting verði varðandi rými og tilgang þess; grisja safnkostinn - auka gólfrymi - „rými umfram hillur“ - rými verði fjölnota og sveigjanleg; bókum/hillum sé t.d. hægt að vippa til hliðar, eftir þörfum
- fjölbreyttari safnkostur og þjónusta; form safnkosts breytist í rafrænt - stafrænt efni eykst (hljóð og mynd) - bækur verða áfram, en færri
- safn án veggja útum allan bæ og í hverjum vasa!
- bjóða aðstöðu fyrir viðburði

Með fjölhæfu starfsfólki

- fjölhæft starfsfólk með breiðan bakgrunn
- fjölbreyttari menntun starfsfólks og endurmenntun - burtu með fordóma
- starfsfólk sé tæknilega menntað (aukin tæknimenntun) og sterkt í mannlegum samskiptum; þurfum að halda í „sálfræðihliðina“ - taka vel á móti fólk og tala við viðskiptavini
- mannlegi þátturinn verði samt (áfram) mikilvægur á bókasöfnum, þrátt fyrir nýja tækni, rafvæðingu gagna og sjálfvirkni
- verður að vera gaman í vinnunni; „Leikum okkur“!

Með breyttri afstöðu og hugarfari ... verða breytingar (auðveldari)

- það þarf hugarfarsbreytingu, til að geta breytt - við viljum ekki streitast á móti breytingum, ekki vera „föst“ heldur hafa opinn huga, m.a. fyrir nýrri tækni, kunna að hugsa „út fyrir kassann“ - deila hugmyndum, finna ný tækifæri og prófa nýja hluti - fordómalaus og með aukna þjónustulund. Losa okkur við dragbíta og úrtölufólk.
- þurfum og viljum auka sýnileika starfseminnar sem fram fer í almenningsbókasöfnum; vekja eftirtekt og uppbyggilega forvitni
- við viljum hafa forystu, hafa framsýni og frumkvæði - vera frumkvöðlar - og virkja aðra (hópa/notendur) til þátttöku; vera sveigjanleg, jákvæð og tilbúin til samstarfs
- gleymum ekki grunnildum eins og hlutleysi, lýðræði, jafnrétti - jafnt aðgengi að upplýsingum



Aukalega - gróft yfirlit: hvernig geta bókasöfnin sótt fram?

Eigi þetta hlutverk bókasafna að raungerast í framtíðinni, er ljóst að margir aðilar þurfa að koma að málum; að sjálfsgöðu eigendur og ábyrgðaraðilar bókasafnanna - þ.e. sveitarfélögin, en einnig fjölmargir aðrir. Framangreint efni getur nýst inni þá vinnu.

Að hverju þarf að vinna í framtíðinni til að almenningsbókasöfnin geti rækt hlutverk sitt með þeim hætti sem lýst er? Örfá augljós meginatriði:

- ýta undir sóknar- og frumkvæðishugsun í umhverfi bókasafnanna
- byggja undir menntun og hvata hjá starfsfólki til að tileinka sér nýja þekkingu og miðla henni (ath. líka þann kost að fá utanaðkomandi aðila til að miðla þessari þekkingu á bókasöfnum)
- samstarfsaðilar verði skilgreindir og sóst sé eftir samstarfi við þá
- búa bókasöfnin undir breytingar í þá veru að safnkostur færist í rafrænt/stafrænt form
- hugsa kynningarmál með markvissum hætti.

Hvað gerum við allra næst?

Hvað er hægt að gera næst? Til umræðu í stjórn eða á vettvangi SFA:

- Drögum saman skjal um þessa umræðu og sendum til sveitarfélaga, eða ...
- vinnum nánari útfærslu á framkvæmdinni fyrst - eða náum samstarfi við sveitarfélögin um frekari sameiginlega vinnu á þessum grunni.
- Sendum tiltekin skilaboð á aðra aðila eða byrjum strax að leita samstarfs við þá ...
 - eitthvað varðandi læsi?
 - eitthvað sem snertir viðburði?
 - samstarf við þá sem reka félagsstarf?
- Sendum skilaboð sem fylgt verður eftir hjá hverju bókasafni?
- Sendum fjölmíðlum tiltekin skilaboð? Hvaða - hvernig ?

Að lokum

Við hjá Alta erum tilbúin að aðstoða frekar eftir þörfum og óskum, t.d. við að leggja á ráðin með næstu skref fyrir félagið, til að fylgja þessari umræðu eftir.

Ef athugasemdir eru við efni eða framsetningu, vinsamlegast látið Björgu vita sem fyrst.



Viðauki:

Könnun gerð vegna undirbúnings fyrir umræðu og hópavinnu á Vorfundi SFA 16. maí 2014.

Áhyggjur, breytingar, áskoranir og tækifæri almenningsbókasafna næstu 30 ár
Samantekin svör – í knöppu formi – við könnun
frá forstöðumönnum 23ja almenningsbókasafna.

Pátttakendur eru fulltrúar fyrir:

- Fjögur fámenn samfélög í dreifbýli
- Fimm bókasöfn í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu
- Þrettán bókasöfn í þéttbýli úti á landi

Áhyggjur/áskoranir

Spurt var: Hvað veldur helst áhyggjum fyrir hönd bókasafnsins?

- Minnkandi aðsókn, útlán, fjármagn, lestur og læsi.
- Tæknistig staðnað, rafrætur vantar á bókasöfnin.
- Sú trú að snjalltæki geti komið í stað fyrir bækur!
- Sveitarfélög koma sér undan bókasafnsþjónustu sem er lögboðinn réttur íbúa.
- Tilhneiging til að sameina menningarstofnanir og fækka fagfólki á hærri laununum.
- Plássleysi.
- Eldri notendur vilja eingöngu bækur á pappír.
- Breyting á starfsemi sinni frá söfnun til miðlunar.
- Lágt menntunarstig, hár aldur starfsmanna og fastheldni á gamlar venjur.

Breytingar

Spurt var: Hvaða breytingar í samfélaginu á næstu 10-20 árum munu hafa mest áhrif á bókasöfn?

- Spjaldtölvunotendur nútímans nálgast sjálfir efni á netinu, lestur á rafrænu formi, útgáfa rafrænna gagna hvort sem er skáldsögur eða fræðibækur, allt í einu 'klikki'.
- Nauðsynlegt að skipuleggja ofgnótt heimilda og upplýsingaflæðis.
- Breytt fyrirkomulag á geymslu efnis/safnkosts.
- Aukið/minnkað upplýsingalæsi nýrra kynslóða, minni bóklestur.
- Kröfur íbúa um upplýsingaþjónustu.
- Þjónusta við eldri notendur, fjölmenningu, þriðji staðurinn.
- Bókasöfnin hluti af menningaraðstöðu.

Áhugaverð tækifæri

Spurt var: Hvaða tækifæri eru áhugaverðust fyrir bókasafnið, t.d. með hliðsjón af því sem framsækin bókasöfn innan lands og utan eru að gera?

- Útlán rafréttabóka.
- Snjallsímatæknin, opna bókasafnið, sí- og endurmenntun.
- Auka samvinnu við leik- og grunnskóla.
- Skipuleggja netmiðlaefnið og miðla til notenda.
- Upplýsinga-, menntunar- menningar og félagsmiðstöð: Þriðji staðurinn.



- Dæmi: Bókmenntaviðburðir, hlúa að lestrarmenningu og skapandi listum, aðstoða námsfólk í upplýsingaleit. Vera staðurinn sem fólk getur komið og dvalist á, lesið blöð, notað netið, hitt annað fólk, hlustað á fyrirlestra. Klúbbastarf fyrir alla aldurshópa s.s. eldri borgara, leikskólana, dagmæður, ungbarnaforeldra, heimavinnandi fólk.

Ný viðfangsefni

Spurt var: Viltu nefna áhugaverð dæmi um ný viðfangsefni eða nálgun bókasafna?

- Byggingar með fjölbreyttri þjónustu, starfsemi og þátttöku íbúa.
- Lykillinn að lestrarkunnáttu og upplýsingalæsi landsmanna.
- Labrary, Urban office, Laptop Club, Fablab.
- Upplýsingaþjónusta ferðamanna.
- Sameiginleg upplýsingaþjónusta allra bókasafna í landinu með netspjalli 24/7.
- Aðgangur bókasafna að öllum rafrænum gögnum í einum gagnagrunni.
- Framsetning á safnkosti miðað við markhópa.
- Landshlutasöfn.
- Sjálfsafgreiðsluvélar og opið aðgengi sem tengist námsfólki utan afgreiðslutíma og menningastarfsemi hvers byggðarlags.
 - Dæmi: viðburðir, skólastarf, heimanámsaðstoð, lestur dagblaða með nýbúum, kynningarkvöld innflytjenda, tengja þekkingu og fróðleik við útiveru, rölt frá bókasafninu þínu.

